

Rangárþing bs  
Rúnar Guðmundsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. febrúar 2010  
UST20100200026/abg

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi skálasvæðis við Efri-Botna í Emstrum**

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags 3.febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi við Efri-Botna í Emstrum í Rangárþingi eystra.

#### **Almennt um framkvæmd**

Megin tilgangur deiliskipulagsins er að skilgreina lóðir og byggingarreiti utan um núverandi mannvirki til að hægt sé að koma til móts við aukinn ferðamannastraum á svæðið. Engar stórfelldar breytingar verða á starfsemi svæðisins frá því sem nú er. Skipulagið er unnið á vegum Ferðafélags Íslands í samvinnu við Rangárþing eystra.

#### **Náttúruminjar**

Deiliskipulagssvæðið er innan Emstra og Fjallabaks sem er svæði nr.761 á náttúruminjaskrá. Svæðið hefur að geyma stórbrotið og fjölbreytt landslag og er vinsælt útivistarsvæði. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að áhrif fyrirhugaðra mannvirkja á landslag verði lágmörkuð eins og kostur er.

#### **Mannvirkjagerð**

Deiliskipulagssvæðið er um 1,3 hektarar að stærð og nær til núverandi bygginga og tjaldsvæðis. Gert er ráð fyrir að gistiskálar geti verið þrjár og að skálaráðhús og salernishús geti stækkað. Lagt er til að bílastæðum verði fjölgað við núverandi skálaráðhús og að aðstaða bíla til snúnings verði bætt.

#### **Vegir og bílastæði**

Bílfært er að Efri-Botnum en leiðin er ekki fær öllum farartækjum. Ekki er gert ráð fyrir aukinni vegagerð en áætlað er að stækka bílastæði og rýmka snúningsaðstöðu. Umhverfisstofnun vill benda á að mikilvægt sé að bílastæði og aðstaða bíla til snúnings verði vel afmörkuð þannig að komið verði í veg fyrir utanvegaakstur eins og hægt er.

#### **Frárennsli**

Í matslýsingu um deiliskipulagstillögu kemur fram að stækka þurfi salernisaðstöðu til að koma til

móts við ferðamannafjölda. Umhverfisstofnun bendir á að endanlegur skipulagsuppdráttur skuli innihalda merkingar á staðsetningu rotþró og þurfa rotþró og siturlagnir að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)).

### Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið er fram koma í matslýsingu deiliskipulagstillögu, að fjöldi skála og stækkun þeirra geti haft áhrif á landslag og þar af leiðandi upplifun ferðamanna af svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja ætti að notast við efnisvið er fellur vel inn í landslag og svipmót landsins sbr.35.grein náttúruverndarlaga um hönnun mannvirkja.

### Vatnsveita

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í matslýsingu um deiliskipulag hvort að stækkun mannvirkja kalli á aukna vatnsveitu á svæðinu, hvort vatni verði veitt þangað úr núverandi vatnsbóli og hvort grafa þurfi fyrir nýjum lögnum.

### Úrgangur


Umhverfisstofnun bendir á að hvergi komi fram í matslýsingu hvað gert verði við tilfallandi sorp. Stofnunin bendir á reglugerð 738/2003 um urðun sorps en hana er einnig að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.


### Rafveita

Hvorki á deiliskipulagstillögu né í matslýsingu er þess getið hvort að rafstöð verði staðsett á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að ef rafmagn verði unnið með bensín- eða díselrafstöð þá þurfi að tryggja að þannig sé frá gengið að ekki berist olía út í umhverfið.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis við Efri-Botna í Emstrum.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna  
Guttormsdóttir

  
Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun